



Samtakahópurinn, fundur haldinn 22.05.2023 kl. 13.00 í

Ráðhúsi Reykjaneshæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Hafþór Barði Birgisson, Aníta Lind Róbertsdóttir, Hreggviður Hermannsson, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Silja M. Albertsdóttir, Ljiridonna Osmani og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina.

\*\*\*

### Fundargerð

#### 1. mál - Vinnuskóli Reykjaneshæjar

Aníta Lind Róbertsdóttir forstöðumaður  
Vinnuskóla Reykjaneshæjar og  
Gunnhildur Gunnarsdóttir



forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins sögðu frá nýjum áherslum í Vinnuskóla Reykjaneshæjar sumarið 2023. Vinnuskóli Reykjaneshæjar var fluttur yfir á Menntasvið/ ÍT í byrjun árs. Farið var yfir markmið og gildi starfsins ásamt tölfræði og áskorunum í starfi.

#### 2.mál - SJÚKÁST fræðsla

Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins sagði frá SJÚKÁST fræðslunni sem starfsmenn Fjörheima og 88 hússins fóru með í alla sjö grunnskóla Reykjaneshæjar fyrir 8.-10. bekk. SJÚKÁST er forvarnarátak á vegum Stígamóta um ofbeldi í nánum samböndum ungmenna. Markmið átaksins er að ungmenni þekki lykilhugtök á borð við mörk og samþykki og geti greint muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og





ofbeldisfullum samböndum. Fræðslan gekk vel fyrir sig og sköpuðust oft góðar umræður.

### 3.mál Ofbeldismál og vopnaburður ungmenna

Kristján Freyr Geirsson, varðstjóri forvarna hjá lögreglunni á Suðurnesjum leiddi umræðu um ofbeldismál og vopnaburð ungmenna. Samtakahópurinn velti fyrir sér hvað eða hvernig hópurinn gæti gripið inn í og haft áhrif. Rætt var um að fagfólk í leik og starfi með börnum skyldi snerta á umræðunni við ungmenni áður en sumarleyfi hefjast. Einnig skapaðist umræða um það hvort hópurinn ætti að senda frá sér bréf til foreldra barna á unglingastigi varðandi þessar áhyggjur. Hópurinn ræddi um þá hugmynd að vera með tillögur af umræðuefni um ofbeldismál og vopnaburð ungmenna í bréfinu til þess að leiðbeina foreldrum með samtalið við börnin sín. Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi vannur málið áfram



### 4. mál - Heilræði fyrir sumarið, útivistartími og fl.

Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar talaði um útivistartíma barna og ungmenna fyrir sumarið. Einnig var rætt um mikilvægi hlífðarbúnaðar á reiðhjólum, vespum og rafmagnshlaupahjólum. Ásamt því var umræða um mikilvægi þess að upplýsa börn og ungmenni um hættunar sem geta stafað að því þegar þau eru 2-3 saman á vespum og rafmagnshlaupahjólum. Vinnuskóli Reykjanesbæjar mun í sumar standa fyrir forvarnardegi fyrir ungmenni í 8.-10.bekk með áherslu á öryggi á vespum og rafmagnshlaupahjólum.



**Fundi slitið kl. 14:30**

**Næsti fundur verður að loknu sumarleyfi.**